



Reykjavík, 14. janúar 2021
SFS2020040150
199. fundur
HG/img

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi leikskólann Nes/Bakka

Á 182. fundi skóla- og frístundaráðs, 28. apríl 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Stendur til að loka leikskólanum Bakka í Staðahverfi? Foreldrar virðast hafa verið að fá misvísandi upplýsingar um það hvort að starfi verði haldið áfram í húsnæðinu.

Svar:

Leikskólinn Bakki var tekinn í notkun 2003. Í upphafi var gert ráð fyrir að hægt yrði að taka húsin þegar börnum fækkaði í leikskólanum en húsin eru færanleg og voru alltaf hugsuð sem slík. Árið 2010 sameinaðist Bakki leikskólanum Bergi á Kjalarnesi en 1. september 2016 var sameiningin tekin í sundur, fyrst og fremst vegna fjarlægðar milli starfsstaða. Í kjölfarið sameinaðist Bakki leikskólanum Hömrum og heitir leikskólinn Nes.

Starfsstöðin Bakki er áætluð fyrir allt að 64 börn en undanfarin ár hefur börnum í Staðahverfi fækkað jafnt og þétt og var svo komið að þar voru einungis um 30 börn sl. haust og ekki fyrirsjáanlegt að börnum myndi fjölga í nánustu framtíð.

Á 196. fundi skóla- og frístundaráðs þann 24. nóvember 2020, var samþykkt tillaga um að koma á fót tilraunaverkefni um inntöku ungbarna í leikskóla borgarinnar en verkefnið felst í að veita þeim leikskólum, sem annars vegar hafa laus leikskólarými og hins vegar hafa boðið öllum eldri börnum rými sem eru með umsókn í viðkomandi leikskóla, heimild til að innrita börn allt niður í 12 mánaða gömul. Leikskólinn Nes/Bakki er einn þriggja leikskóla sem samþykkt var að færu inn í fyrsta áfanga þessa verkefnis.

Í kjölfar þess var opnað á innritun yngri barna inn í Nes/Bakka, en almennt gerist í leikskólum borgarinnar og væntingar eru um að foreldrar í nálægum hverfum Staðahverfis sjái kost í því að sækja um fyrir ung börn sín í leikskólann og að með því megi ná á ný upp gróskumiklu leikskólastarfi í húsnæði Bakka. Það er því ljóst að stefna borgarinnar stendur til þess að efla starfsemi Nes/Bakka og fjölga þar börnum frá því sem verið hefur en ekki að loka starfsstöðinni.